



Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1341
komudagur 22.3.2010

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. mars 2010

EFNI: Umsögn Bændasamtaka Íslands um Þskj. 767 - 446. mál

Tilv. Frumvarp til laga um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Að mati BÍ er þetta þarft mál, og tilgangur góður, þ.e. að veita rekstrarhæfum einingum svigrúm til að komast úr þeim tímabundnu erfiðleikum sem hrunið hefur valdið.

Samkvæmt athugasemd við 1. gr. frumvarpsins er tiltekið að um sé að ræða rekstur sem sé svo umfangsmikill að hann sé með 2ja mánaða skil á virðisaukaskatti en ekki ársskil. Af því má draga þá áætlun að bændum standi ekki til boða að nýta sér þetta úrræði þar sem flestir bændur eru með sex mánaða skil, þrátt fyrir að veltan sé umtalsvert meiri en lágmark tveggja mánaða skila er. Þykir BÍ því rétt að taka af öll tvímæli og breyta 1. grein frumvarpsins þannig að landbúnaðarrekstur með sex mánaða skilum falli einnig undir gildissvið laganna.

Í framhaldi af því er vakin athygli á því að fyrir flesta bændur er gjalddagi virðisaukaskatts fyrir júlí til desember 2009 þann 1. mars 2010 sem fellur þá utan tímabils, en vegna tekju- og gjaldadreifingar í landbúnaði er sá gjalddagi mjög erfiður bændum. Því telur BÍ eðlilegt að miða við að skattar og gjöld vegna rekstrarársins 2009 og fyrr falli undir gildissvið laganna.

Virðingarfyllst,
f.h Bændasamtaka Íslands


Eiríkur Blöndal